

STARFSÁÆTLUN ÍTR

2002

Samstarf innan hverfa - lykill að betra lífi

Inngangur

Undanfarin ár hefur Íþrótt- og tómstundaráð haft forystu um að auka samstarf þeirra sem vinna að félags- og tómstundastarfi í hverfum Reykjavíkurborgar. Auk starfstaða ÍTR tengjast samstarfinu meðal annars. skólar, félagsþjónusta, lögregla, kirkja, æskulýðs- og íþróttafélög. Fyrst og fremst hefur samstarfið beinst að þjónustu við aldurshópinn 6 til 16 ára en aukin þjónusta við aðra aldurhópa hefur einnig komið inn í myndina.

Við gerð starfsáætlunar nú, tekur ÍTR enn eitt skref í þessa átt með því að skilgreina hvefisbundna þjónustu með ákveðnari hætti en áður. Rannsóknir á högum ungs fólks í hverfum borgarinnar sýna að þarfir hverfanna fyrir þjónustu eru mismunandi. Í starfsáætluninni er leitast við að uppfylla þarfir hverfanna fyrir grunnþjónustu á vettvangi frítímans og skilgreina tilgang þeirra sérúrræða sem mikilvæg eru á hverjum stað. Einnig er sú starfsemi sem ÍTR gengst fyrir almennt í borginni betur skilgreind.


Auk þessa er gerð grein fyrir þeim atriðum sem lögð er áhersla á í hverjum málafllokki, vikið að breytingum og nýjungum og nýrri uppsetningu fjárhagsáætlunar þar sem fjárhagsáætlun er skipt upp eftir hverfum.

Fulltrúum í Íþrótt- og tómstundaráði og starfsmönnum ÍTR er ljóst mikilvægi þess að efla samstarf í hverfunum og samstarf á sviði uppeldis-, íþrótt- og æskulýðsstarfa með hag barna og fjölskyldna að leiðarljósi.

Samstarf innan hverfa – lykill að betra lífi eru einkunnarorð þessarar starfsáætlunar. Með þeim vill ÍTR sýna fram á mikilvægi samstarfs til að vinna að betri árangri í starfi. Með samstarfi og samþættingu næst fram betri nýting á fjármunum, mannvirkjum og mannafla stofnana borgarinnar og fjölmargra félagasamtaka. Höfuðmarkmið starfsáætlunarinnar er að tengja öll mál sem ÍTR hefur umsjón með fyrir hönd borgaryfirvalda þessu markmiði. Jafnréttismál, fræðslumál starfsmanna, sumarnámskeið barna og starf félagsmiðstöðva og íþróttamannvirkja og samstarf við félög, samtök og stofnanir mun með beinum eða óbeinum hætti taka mið af þessum áherslum.

Samstarf innan hverfa

Veigamesta breyting á starfsemi ÍTR sem kynnt er í starfsáætlun fyrir 2002 er áætlun um uppbyggingu aukins samstarfs starfstaða ÍTR í hverfum borgarinnar auk formlegs samstarfs við aðra aðila. Með markvissri dreifstýringu verkefna og kröfum um samstarf þeirra aðila sem bera ábyrgð á starfsemi ÍTR innan hverfanna, ásamt framsetningu fjárhagsáætlunar fyrir hverfin, er leitast við að gera stjórnendum starfstaða ÍTR og starfsmönnum á vettvangi kleift að taka virkari þátt í rekstri og mótun þjónustu innan sinna hverfa. Form slíks samstarfs er hér sett fram í líkani sem sýnir samhengi milli mismunandi stiga í stjórnskipun ÍTR, og ábyrgð á starfsemi og áætlun innan þeirra. Í áætluninni sem hér er sett fram er gert ráð fyrir því að samstarf í hverfunum verði í byrjun byggt upp í kringum starfsemi ÍTR og mun hvert hverfi setja fram sína aðgerðaáætlun. Á síðari stigum, þegar festa er komin á samstarfsgrundvöll ÍTR starfsins, skapast grundvöllur fyrir formlegra samstarfi við skóla, borgarstofnanir, félög, menningastofnanir og fleiri aðila. Við innleiðingu breytinganna er fylgt þeim meginlínunum sem lagðar hafa verið af borgaryfirvöldum um hverfaskiptingu borgarinnar.



Miðlæg starfsemi

Skipurit ÍTR

Unnið hefur verið að gerð nýs skipurits fyrir ÍTR í samræmi við samþykkt borgarráðs um gerð samræmdra skipurita fyrir borgarstofnanir. Skipuritið er kynnt í þessari starfsáætlun.

Jafnréttis- og starfsmannamál

Unnið verður að því að:

- Auka sveigjanleika til að auðvelda starfsmönnum að samræma starf og einkalíf
- Þjónusta ÍTR sé sniðin jafnt að þörfum og áhuga kvenna og karla
- Leita leiða til að jafna hlut kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan ÍTR
- Hagsmunir, karla og kvenna, séu hafðir að leiðar ljósi við ákvarðanatöku og stefnumótun
- Auka heilsueflingu starfsmanna þar sem áhersla er á fyrirbyggjandi aðgerðir

Fjöldi starfsmanna ÍTR, skipt eftir kyni

	1996		1998		2000	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Íþróttasvið	131	76	105	82	105	74
Æskulýðssvið	90	93	84	98	60	92
Samtals	221	169	189	180	165	166

Fræðslumál

Starfsáætlun í fræðslumálum gerir ráð fyrir aukningu í fræðslu og námskeiðahaldi. Lögð verður áhersla á:

- Tölvunámskeið.
- Tungumálanámskeið, meðal annars íslenskukennsla fyrir starfsmenn af erlendum uppruna.
- Námskeið um fjölmennningarlegt samfélag og fordóma.
- Stjórnendafræðslu, meðal annars vegna nýs starfsmannakerfis og innleiðingar skorkorts.
- Námskeið um sjálfsvígðsatferli ungs fólks.

Umhverfismál

Umhverfisstefna ÍTR verði kynnt og umhverfisáætlun sett í framkvæmd. Unnið verður að því að starfsemi og þjónusta verði samræmd stefnunni.

Markaðsmál

Unnið skal að því að styrkja ímynd ÍTR enn frekar meðal annars með:

- Endurnýjun og samræmingu einkennisfatnaðar starfsfólks.
- Samræmdum merkingum mannvirkja ÍTR og gerð upplýsingaskilta.
- Frekari þróun heimasíðu ÍTR.

Kannanir og rannsóknir

Rannsóknir sem ÍTR á aðild að beinast að høgum ungs fólks í borginni, hvaða tómstundaiðju það velur sér og hvort greina megi áhættuþætti. Árið

2001 lauk gerð umfangsmikils gagnagrunns um aldurhópinn 12 – 20 ára. Árið 2002 er áhersla lögð á úrvinnslu kannana sem mynda gagnagrunninn og mun það auðvelda mjög stefnumótunar- og þróunarvinnu ÍTR bæði í yfirstjórn og ekki síður í einstökum hverfum. Fyrirhugað er að gera úttekt á aðstæðum hverfanna til félags-, íþrótta- og tómstundastarfs. Reglulega eru gerðar smærri kannanir meðal notenda þjónustu ÍTR og kannanir þar sem ÍTR leitast við að greina mannauð stofnunarinnar.

Borgarkönnunin

Í könnun sem Reykjavíkurborg stóð fyrir meðal borgarbúa árið 2001 voru m.a. könnuð viðhorf þeirra til þjónustu borgarstofnana. Niðurstöður könnunarinnar sýna að ÍTR nýtur mikils velvilja og meðbyrs meðal íbúa borgarinnar og hefur þar ákveðna forystu. Þessu forystuhlutverki vill ÍTR halda.

Málefni innflytjenda

Starfsemi Miðstöðvar nýbúa var lögð niður þegar rekstur Alþjóðahúss hófst og verkefni fluttust þangað. Í framhaldi af stefnumótun og aðgerðaáætlun varðandi málefni fólks af erlendum uppruna, innan starfsemi ÍTR, verða þjónusta og hlutverk endurskilgreind. Starfsemi í hverfum borgarinnar tekur mið af þessu en auk þess er hluti málaflokksins miðlægur, svo sem sumarstarf, þróunarverkefni og fræðslustarfsemi.

Fjölskyldu- og húsdýragarður

Gerður hefur verið þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar, stjórnar garðsins og starfsmanna hans. Sérstök rekstrarstjórn fer með yfirstjórn í samvinnu við starfsmenn. Gerð er sérstök starfsáætlun fyrir garðinn. Fast fjárframlag er til rekstursins innan ramma ÍTR. Í samvinnu stjórnar og starfsmanna var unnin stefnumótunaráætlun fyrir rekstur og framkvæmdir á næstu árum. Unnið verður í anda þeirra hugmynda og tillagna sem þar voru settar fram.

Þjónustusamningar

Íþrótta- og tómstundaráð hefur haft frumkvæði að breytingum á rekstri og framkvæmdum varðandi nokkur mannvirki sem eru í eigu borgarinnar. Þannig eru í gildi samningar um uppbyggingu og rekstur við Hestamannafélagið Fák vegna Reiðhallarinnar í Viðidal, KSÍ vegna Laugardalsvallar, ÍBR vegna Skautahallarinnar, Knattspyrnufélagið Þrótt vegna gervigrasvallar, Bandalag íslenskra farfugla vegna tjaldstæðisins í Laugardal og Samtök sjálfstæðra leikhúsa vegna Tjarnarbiós. Vegna eðlis starfsemi ÍTR getur í sumum tilfellum verið góður kostur að gera þjónustusamninga þannig að hægt sé að nýta sem best möguleika á aukinni þjónustu við borgarbúa og betri nýtingu fjármagns og aðstöðu.

Styrkir

Íþrótta- og tómstundaráð veitir styrki til fjölmargra íþrótta- og æskulýðsfélaga. Þar má meðal annars nefna almenna rekstrarstyrki, styrk til ÍBR vegna íþróttastarfs og stjórnunar. Styrk til Afreks- og styrktarsjóðs og til bygginga og framkvæmda á vegum íþróttafélaga. Stærstur hluti styrkveitinganna fer þó til íþróttafélaga vegna æfinga og þjálfunar í barna- og

unglingastarfi í húsnæði félaganna, íþróttasölum skóla og í íþróttamannvirkjum á vegum ÍTR.

Endurskoðun reglna um þessa styrki er lokið meðal annars með tilliti til gerðar þjónustusamninga og samþættingar í hverfum.

Reykjavík heilsuborg

Borgarráð hefur skipað verkefnisstjórn, með aðild Íþrótt- og tómstundaráðs, til að annast framgang samstarfsverkefnis Orkuveitu Reykjavíkur og ÍTR um markaðssetningu Reykjavíkurborgar sem heilsuborgar. Sundstaðir borgarinnar skipa þar veglegan sess. Reykjavíkurborg er aðili að ESPA - Evrópskum samtökum um heilsulindir og er unnið með þeim og fjölmörgum öðrum aðilum að framgangi þessa verkefnis.

Vinnuhópur á vegum ÍTR hefur verið skipaður, til að vinna að stefnumörkun og þróunaráætlun varðandi uppbyggingu og þjónustu sundstaðanna. Markmiðið er að kortleggja þarfir hvers sundstaðar og leggja mat á hvað þurfi að koma til á hverjum stað fyrir sig til að þeir geti talist "heilsulindir" í anda heilsuborgarinnar í Reykjavík.

Þjónusta við ferðamenn

Á fjölmörgum sviðum í starfi ÍTR er boðið upp á þjónustu við ferðamenn. ÍTR vill stuðla að auknu samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu og stofnanir borgarinnar til að bæta þessa þjónustu.

Nauthólsvík – Ylströnd

Rekstur Ylstrandarinnar og þjónustuhúss við hana er á vegum ÍTR. ÍTR mun þróa áfram þá starfsemi sem er í Nauthólsvík, siglingaklúbbi og Ylströnd. Umbætur eru fyrirhugaðar á aðstöðu sem siglingaklúbbur og fleiri aðilar hafa á svæðinu.

Menningarviðburðir

ÍTR á aðild að fjölþættri menningarstarfsemi í borginni fyrir utan þá menningarstarfsemi sem stofnunin beitir sér fyrir á eigin vegum. Hér eru raktir þeir viðburðir þar sem samstarf er við borgarstofnanir og aðra um menningarhátíðir.

- **Ljós í myrkrinu**

Borgarráð hefur ákveðið að efnt skuli til vetrarhátíðar í Reykjavík um mánaðarmótin febrúar/mars. Hátíðin hefur hlotið heitið Ljós í myrkrinu. ÍTR mun taka þátt í hátíðinni.

- **Reykjavíkumaraþon**

ÍTR hefur átt samstarf við ÍBR, Flugleiðir og DV um framkvæmd Reykjavíkumaraþons. Tekist hefur gott samstarf milli stjórna Reykjavíkumaraþons og Menningarnætur um framkvæmd þessara tveggja viðburða. Unnið er að endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi Reykjavíkumaraþons.

- **Menningarnótt**

ÍTR hefur undanfarin ár komið að framkvæmd Menningarnætur og mun svo einnig verða á árinu 2002.

- **Athöfn á Austurvelli**

ÍTR mun annast framkvæmd athafnar á Austurvelli vegna afhendingar jólatrés.

17. júní

Hátíðarhöldin á 17. júní eru á ábyrgð Þjóðhátíðarnefndar sem skipuð er fulltrúum úr Íþrótt- og tómstundaráði. Árið 2001 var gerð sú breyting að fjölskyldudagskrá að deginum og tónlistardagskrá að kvöldinu voru flutt undir umsjón Hins Hússins en umsjón með morgundagskrá var áfram á vegum aðalskrifstofu ÍTR. Þessi skipan gafst vel og gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi árið 2002. Leitað er leiða til að hafa sem fjölbreytilegasta dagskrá og nýta sem best það fjármagn sem til er meðal annars með gerð þjónustusamninga.

Reykjavíkurborg - skipulagsmál

ÍTR mun í samræmi við áherslur í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, vinna að þeim meginmarkmiðum sem þar eru sett fram um hlutverk höfuðborgarinnar sem alþjóðlegrar og vistvænnar borgar.

Heildstæð fjölskyldustefna

Með þeim breytingum á framsetningu fjárhagsáætlunar og ábendingum á aukið samstarf og samvinnu í hverfum borgarinnar mun ÍTR hefja vinnu á eigin vegum og í samstarfi við fjölmarga aðila við að móta heildstæða fjölskyldustefnu fyrir ÍTR og Reykjavíkurborg.

Grafarvogur – Miðgarður

Við uppbyggingu hverfisbundinnar þjónustu ÍTR í Grafarvogi er haft náið samstarf við Miðgarð og Hverfisnefnd Grafarvogs. Samstarfið snýr meðal annars að forvörnum, innleiðingu uppbyggingarstefnu, menningarstarfsemi og almennri æskulýðs- og íþróttastarfsemi í hverfinu.

Vesturbær

Unnið hefur verið að gerð samstarfssamnings milli Félagsþjónustunnar, ÍTR, Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um hverfisbundna þjónustu í Vesturbænum og samþættingu starfsemi. Gert er ráð fyrir að ÍTR taki virkan þátt í þessu samstarfi.

Nýbyggingar og viðhald mannvirkja

Byggingardeild borgarverkfræðings, í samvinnu við ÍTR, gerir áætlun um nýbyggingar, endurbætur og viðhald mannvirkja sem eru í umsjón ÍTR. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun á vegum deildarinnar er lögð sérstaklega fyrir borgarráð við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Unnið er að breytingum á fasteignaumsýslu borgarinnar og mun ÍTR taka þátt í þeim breytingum og leggja fram tillögur að tilhögun á ábyrgð og framkvæmd á viðhaldi þeirra mannvirkja sem nú heyra undir ÍTR.

Skorkort – samhæft árangursmat

Leitast er við að setja megináherslur starfsáætlunarinnar fram á einfaldan og skýran hátt í skorkorti ÍTR sem nú er sett fram í annað sinn. Nokkrar breytingar eru á skorkortinu frá fyrra ári og helgast þær fyrst og fremst af breyttum áherslum. ÍTR naut aðstoðar ráðgjafarfyrirtækisins KPMG við mat

á framsetningu skorkorts fyrir 2001 en við framsetningu skorkorts fyrir 2002 var m.a. stuðst við afrakstur smiðju sem var í umsjón Pricewaterhouse Coopers og Teymis. Verkefni 2002 snúa að innleiðingu skorkorts á starfstöðum ÍTR og samhæfðu árangurmati sem á rætur í stefnu, hlutverki og framtíðarsýn ÍTR í hverfum borgarinnar.

Æskulýðsmál

Undir málaflokkinn æskulýðsmál heyra m.a. félags- og upplýsingamiðstöðvar, Hitt Húsið, sumarstarf og félags- og tómstundastarf í skólum.

Megináherslur ÍTR í æskulýðsmálum eru að:

- ❑ Uppeldisgildi frítímans séu höfð að leiðarljósi.
- ❑ Bjóði tómstundatilboð sem höfði til sem flestra.
- ❑ Vinni að forvarnarstarfi varðandi ávana- og fíkniefni.
- ❑ Reyna sérstaklega að ná til þeirra sem ekki taka þátt í uppbyggilegu félags- og tómstundastarfi af einhverju tagi.
- ❑ Sumarnámskeið ÍTR verði í sífelldri endurskoðun til að standast kröfur samtímans á hverjum tíma. Lögð er áhersla á faglegt starf undir leiðsögn menntaðra leiðbeinenda.
- ❑ Hafa forystu um samstarf sem lýtur að börnum og ungmönnum meðal stofnana og félaga í hverfum borgarinnar.
- ❑ Leitast við að hafa í starfi hæfasta starfsfólkið á sviði uppeldis- og tómstundamála og viðhalda hæfni þess.

Unglingastarf

Í Reykjavík eru 9 félags- og upplýsingamiðstöðvar en að auki fer fram öflugt félags- og tómstundastarf á vegum ÍTR í mörgum skólum. Mikil áhersla er lögð á samstarf félagsmiðstöðva, skóla, Fræðslumiðstöðvar, Félagsþjónustunnar og fleiri sem vinna að málefnum barna og unglunga.

Leitast er við að mæta tómstundaþörf 13-16 ára unglunga. Áhersla er lögð á fjölbreytt tómstundatilboð og reynt að ná til þeirra unglunga sem þarfnast félagslegs stuðnings.

Unnið er að forvörnum meðal unglunga hvað varðar reykingar, vímuefni og einelti. Unglingar og foreldrar þeirra fá fræðslu um einelti og skaðsemi ávana- og vímuefna.

Virgni og ábyrgð unglunga sem eru þátttakendur í starfsemi félagsmiðstöðva verður augin. Unglingaráð verða starfrækt í öllum félagsmiðstöðvum. Unnið verður eftir hugmyndafræði samþættingar í jafnréttismálum í öllum félagsmiðstöðvum.

Félags- og tómstundastarf í skólum

Börnum í 5. – 7. bekk verður boðið upp á margvíslega tómstundaiðju eftir að skóladegi lýkur.

Stutt verði við félagsstarf unglinga í 8. – 10. bekk í grunnskólum. Markmiðið er að stuðla að góðum félagsanda, betra og fjölbreyttara skóla- og félagsstarfi.

Barnastarf

Boðið verði upp á sumarnámskeið fyrir 6-9 ára börn frá skólalokum til skólabyrjunar. Áhersla er lögð á fjölbreytt, þroskandi og skemmtileg viðfangsefni í öllum hverfum. Einnig er lögð áhersla á hæfni leiðbeinenda og öryggi þátttakenda.

Samstarf í hverfum

Félags- og upplýsingamiðstöðvar ÍTR hafa forystu um samstarf stofnana, félaga og fyrirtækja í hverfum með það að markmiði að auka þjónustu við íbúa. Þeir aðilar sem vinna með börnum og unglingum þekki starfsemi hvers annars og mynda tengsl milli starfsmanna. Leitast verði við að samræma og samþætta framboð tómstundatilboða í hverfinu.

Starfsemi fyrir fatlaða

Félagsmiðstöðvar samþætti starf með fötluðum í allri sinni starfsemi. Unnið verði markvisst að því að fatlaðir einstaklingar sem koma í félagsmiðstöðvarnar séu virkir þátttakendur og liði vel á starfstöðum ÍTR. Aðgengi fatlaðra verði bætt.

Málefni innflytjenda

Félagsmiðstöðvar samþætti starf með innflytjendum í starfsemi sinni. Unnið verður að því í samstarfi við skóla að hvetja innflytjendur til þátttöku í starfsemi félagsmiðstöðva og öðru félags- og tómstundastarfi.

Hitt Húsið

Hitt Húsið er menningar- og upplýsingamiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára. Öflug menningar- og fræðslustarfsemi er aðalsmerki Hússins en auk þess fer þar fram viðtækt ráðgjafar- og forvarnastarf, ýmist á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða á vegum aðila sem hafa þar aðstöðu. Í Hinu Húsinu er einnig landsskrifstofa Unga fólks í Evrópu

Meginmarkmið eru að:

- ☐ Veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.
- ☐ Endurspegla það sem hæst ber í menningu ungs fólks hverju sinni.
- ☐ Veita ungu fólki ráðgjöf og upplýsingar í samstarfi við aðra fagaðila og samtök.
- ☐ Vera miðstöð úrræða Reykjavíkurborgar fyrir ungt fólk í atvinnuleit vegna sumarvinnu

Breytingar

- Vorið 2002 lýkur tveggja ára tilraun með nýtt fyrirkomulag skóla- og tómstundastarfs í 1.- 4. bekk fjögurra grunnskóla í Breiðholti. Hlutverk ÍTR í þessu verkefni er að taka við börnunum er skóla lýkur kl.14 og bjóða upp á margvísleg tómstundatilboð til kl. 17. Framhald þessa

verkefnið verður ákveðið vorið 2002. Ekki er gert ráð fyrir rekstri þess nema til vors 2002 í fjárhagsáætlun ÍTR

- ÍTR og Fræðslumiðstöð eiga í viðræðum um þátttöku ÍTR í rekstri lengdrar viðveru í nokkrum grunnskólum
- Haustið 2001 tóku ungmennaráð til starfa í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Markmið þeirra er að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila ásamt því að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum. Sá hluti verkefnisins verður vottaður með viðurkenningarskjali í lok vetrar. Saman mynda ungmennaráðin Reykjavíkurráð, sem er skipað 2 fulltrúum frá hverju hverfi

Íþróttir og útivist

Undir málaflokkinn íþróttir og útivist heyrir m.a. rekstur sundlauga, íþróttar- og sýningarhúsa, þjónusta við félagasvæði, skíða- og skautasvæði, siglingastarfsemi, íþróttastarfsemi aldraðra og þátttaka ÍTR í heilsuborgarverkefni Reykjavíkurborgar.

Megináherslur eru að:

- ❑ Starfstaðir hafi frumkvæði að samstarfi og starfsemi sem styrkir þjónustuímynd ÍTR
- ❑ Aukin verði aðsókn að mannvirkjum ÍTR, þannig að nýtni og hagkvæmni verði í rekstri
- ❑ Öryggi gesta og starfsmanna verði aukið og stefnt að fækkun óhappa og slysa
- ❑ Orkunotkun verði haldið í lágmarki, með tilliti til þjónustustigs
- ❑ Þjónustutilboð höfði til flestra aldurshópa
- ❑ Aukið samstarf verði við íþróttafélög og samtök þeirra

Sundlaugar - Þjónusta

Samtals eru sjö sundlaugar starfræktar á vegum ÍTR. Þjónusta þeirra ræðst af nokkru leiti af gerð mannvirkisins og höfða þær til mismunandi markhópa. Í þeim öllum er þó boðið upp á þjónustu sem hentar almenningi, þó sérkenni þeirra séu mismunandi.

Rekstur

Undanfarin ár hefur kostnaðarhlutur Reykjavíkurborgar á hvern laugargest verið að meðaltali um 30%, þ.e. þeking tekna verið um 70%. Gert er ráð fyrir 67% þekingu tekna árið 2002 þar sem launakostnaður hefur hækkað hefur hækkað umfram hækkun gjaldskrár.

Aðsókn að sundlaugum ÍTR

1999	2000	2001	2002
1.659.909	1.751.686	1.830.000*	1.830.000*

*Spá

Opnun í sundlaugum á stórhátíðum

Á sérstökum frídögum, sumardaginn fyrsta, skírdag, annan í páskum, uppstigningardag, frídag verslunarmanna, og annan í Hvítasunnu verður opið í öllum laugum. Föstudaginn langa, Páskadag, 1. maí og Hvítasunnudag, verður opið í þremur til fjórum laugum. 17. júní verður lokað í öllum laugum.

Öryggismál

Á sundstöðunum er unnið eftir “Reglum um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar” (Menntamálaráðuneytið 1994/1999) sem staðfestar voru af ÍTR 1999 og reglugerð Umhverfissráðuneytis 457/1998 “Hollustuhættir á sund- og baðstöðum”. Væntanlegar eru á vegum menntamálaráðuneytisins reglur um öryggi í íþróttahúsum og mun ÍTR móta sitt starf samkvæmt þeim reglum.

Þjónusta við félög

Þjónustumiðstöð ÍTR hefur umsjón með íþróttasvæðum félaga í Reykjavík, skautasvæðum innan borgarmarka og þúttvöllum fyrir eldri borgara.

Einnig hefur Þjónustumiðstöðin umsjón með útleigu á leiksviði, stúku, markklukkum, tækjum og áhöldum.

Sláttur íþróttasvæða var boðinn út fyrir nokkrum árum og íþróttafélögin hafa verið styrkt til að annast merkingar valla. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi árið 2002.

Starfsemi fyrir eldri borgara

Sundnámskeið fara nú fram í Sundhöll Reykjavíkur, Breiðholtslaug og Árbæjarlaug. Einnig er íþróttakennsla í Víkinni frá september til maí. Þúttvellir í umsjá ÍTR eru á 10 stöðum um borgina, við: Vesturbæjarlaug, Miklatún, í Laugardal, Dalbraut, Bólstaðarhlíð, Sléttuveg, Hæðargarð, Hraunbæ, Árskóga og Breiðholtslaug og í Laugardal.

Skipulag íþróttastarfs á nýrri öld

Unnið hefur verið að mörgum málum varðandi þær tillögur sem settar voru fram í samstarfsskýrslu ÍTR og ÍBR um skipulag íþróttastarfs á nýrri öld. M.a. hafa reglur um húsaleigu- og æfingastyrki verið endurskoðaðar. Unnið hefur verið að mannvirkjamálum og mörgum samstarfsverkefnum í hverfum, á milli félaga, ÍTR., ÍBR og annarra aðila.

Sparkvellir í hverfum

Sérstakt átak varðandi fjölgun sparkvalla í hverfum borgarinnar er í gangi. Framkvæmdir eru hafnar við fyrsta battavöllinn sem byggður er samkvæmt áætlun um fjölgun og bætingu sparkvalla í hverfum borgarinnar og er hann við Austurbæjarskóla. Í þriggja ára framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að halda áfram á þessari braut og að einn til tveir vellir byggðir á ári.

Keppnis- og æfingalaug í Laugardal.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við 50 metra laug hefjist fyrri hluta árs 2002 og áætlað er að rekstur laugarinnar hefjist seinni hluta árs 2004.

Framkvæmdir við sundlaugar

Unnið var að uppsetningu vatnsrennibrauta við Grafarvogslaug og Breiðholtslaug síðari hluta árs 2001 og ennfremur 12 x 8 m kennslulaugar við Grafarvogslaug. Lokið var við uppsetningu eimbaðs við Sundhöllina.

Sýningar- og íþróttahús

Hlutfélag hefur verið stofnað til að kanna möguleika á byggingu og rekstri fjölnota íþrótt- og sýningarhúss í Laugardal í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Fyrirhugaður er samrekstur Laugardalshallar og hins nýja mannvirkis, sem meðal annars yrði sniðið að þörfum frjálsíþróttafólks. Unnið hefur verið að hönnun mannvirkis og gerð áætlana um framkvæmdakostnað, fjármögnun og rekstur.

Vetrariþróttir

Undirbúningur er hafinn við að aðskilja rekstur véla og tækja frá rekstri svæðanna. Tilraun verður gerð með að færa ábyrgð á rekstri skíðasvæða innan borgarinnar til skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Skipulag almenningssamgangna á skíðasvæðin verður í fyrsta sinn á hendi rekstraraðila skíðasvæðanna. Tilraun verður gerð með nýja skíðapassa sem gilda fyrir mánuð í senn.

Skipulagsbreytingar hafa verið gerðar vegna rekstrar skíðasvæða. Skipuð var 3 manna rekstrarstjórn sem réð sér framkvæmdastjóra til að framfylgja stefnumótuninni "Fjöllin heilla" frá árinu 2000. Stefnt er að því að ljúka vinnu við úttekt á svæðunum og hefja umræður um framtíðaruppbyggingu í kjölfar hennar.

Aðgöngukerfi

Verðkönnun hefur farið fram vegna rafræns aðgöngukerfis fyrir starfsstaði ÍTR. Markmið með uppsetningu rafræns aðgöngukerfis er að einfalda vinnuferla við afgreiðslu, auka sjálfvirkni og þá um leið framleiðni í rekstri sundstaða. Gerð verður tilraun í tveimur laugum, Árbæjar- og Grafarvogslaug í nóvember og desember á árinu 2001. Í byrjun árs 2002 verður rafrænt aðgöngukerfi komið á í öllum laugum.

Samhliða uppsetningu á rafrænu aðgöngukerfi mun uppbygging gjaldskrár verða tekin til endurskoðunar.

Íþróttamannvirki skóla

Gerður hefur verið samstarfssamningur milli ÍTR og Fræðslumiðstöðvar um afnot ÍTR af íþróttamannvirkjum skóla eftir að kennslu lýkur á daginn og um helgar. ÍBR annast úthlutun á tímum til viðkomandi íþróttafélaga og almennings. Vinna er hafin við gerð úttektar á nýtingu og rekstrarfyrirkomulagi skólahúsnæðis sem nýtt er fyrir íþrótt- og tómstundastarf. Að þessu er unnið í samvinnu ÍTR, Fræðslumiðstöðvar, byggingardeildar borgarverkfræðings og fjármáladeildar Ráðhúss.

Þjónustusamningar

Þjónustusamningar við þrjú íþróttafélög, Víking, Fylki og Fram voru gerðir á árinu 2001 og gilda þeir að hluta til á árinu 2002. Með samningunum er félögunum gert kleift að ráða til sín starfsmenn til að vinna að íþrótt, fræðslu og ýmsum samstarfsmálum í viðkomandi hverfi. Náið samstarf er

við ÍBR, ÍTR og viðkomandi starfsmenn ÍTR í hverju hverfi. Einnig er, með öðrum hætti þó, unnið að slíkum samstarfsverkefnum í samvinnu við ÍR og Leikni í Breiðholti og Fjölni og Miðgarð í Grafarvogi. Stafsmenn sem vinna að þessum málum nýta þannig ýmsum aðilum sem vinna að íþrótta og tómstundamálum í viðkomandi hverfi en ekki íþróttafélögunum eingöngu.

Knattspyrnuhús

knattspyrnuhús og íþróttamiðstöð við Víkurveg í Grafarvogi er í byggingu. Framkvæmdin er einkaframkvæmd en ÍTR tryggir íþróttafélögum ákveðna tíma í knattspyrnuhúsi og á skautasvelli gegn ákveðinni greiðslu árlega. ÍBR mun annast úthlutun á tímum. Í athugun eru möguleikar íþróttafélaga, ÍTR og skóla á nýtingu á öðru rými sem verður í miðstöðinni.

Forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar 2002

Við gerð fjárhagsáætlunar var stuðst við forsendur fjármáladeildar Reykjavíkurborgar, Hagstofu Íslands og starfsáætlunar ÍTR.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar:

- ☐ Hækkun almenns verðlags 5,0 %
- ☐ Hækkun byggingavísitölu 3,7 %
- ☐ Hækkun launakostnaðar 3,0 %
- ☐ Hækkun tekna 6,5 %
- ☐ Gjaldskrá taki breytingum í samræmi við þróun verðlags

Framsetning fjárhagsáætlunar ÍTR fyrir árið 2002 er mjög frábrugðin áætlun ársins 2001. Fyrir árið 2002 er gerð fjárhagsáætlun á grundvelli hverfisbundinnar þjónustu ÍTR annars vegar og miðlægrar þjónustu hins vegar. Fjárhagsáætlun þeirrar starfsemi sem er hverfabundin er sett fram undir fyrirsögn viðkomandi borgarhluta, og hefur mörgum miðlægum kostnaðarstöðum verið dreift á borgarhlutana. Þetta er gert til hagræðingar og markvissari nýtingar fjármuna.

Helstu breytingar:

Skrifstofa ÍTR

Kostnaður vegna miðlægrar tölvuþjónustu er nú færður undir sér kostnaðarstað – I8465, og því lækkar rekstrarkostnaður skrifstofu. Auk þess er kostnaður við húsvörð ekki lengur færður á skrifstofu þar sem ekki er lengur um útleigu að ræða á húsnæði ÍTR á Frikkirkjuvegi 11.

Fræðsla- og jafnréttismál

Fjárveiting til fræðslumála starfsmanna er aukin vegna innleiðingar á rafrænu ferli fjármála á starfsstöðum ÍTR og uppsetningu rafræns aðgöngukerfis í sundlaugum.

Fjárhagsáætlun ÍTR er nú skipt í fjóra borgarhluta, skrifstofu ÍTR, skíðasvæði, miðlæga starfsemi og styrki

Fjárveitingar til margra starfþátta sem nú hefur verið dreift í hverfin hafa verið brotnar upp með tilliti til eðlis þjónustunnar. Starfsemi félagsmiðstöðva hefur þannig verið brotin upp í starfsemi á vegum miðstöðvar, vetrarstarfsemi í hverfinu og sumarstarfsemi í hverfinu. Auk þess hafa fjárveitingar til tómstunda- og félagsstarfs í hverfum verið færðar að hluta undir sömu liði innan hverfanna.

Þjónusta við íþróttafélög á sviði umsjónar félagavalla hefur verið færð út í hverfin eftir félögum. Sama á við um húsaleigu- og æfingastyrki íþróttafélaga í eigin mannvirkjum og í mannvirkjum borgarinnar.

Undir hverjum borgarhluta er kostnaðarstaðurinn “Hverfastarf” og þar eru fjárveitingar sem eru fyrir sameiginlega starfsemi innan hverfanna, svo sem þjónustusamningar við félög, íþrótt- og tómstundafulltrúa og fleira.

Borgarhluti 1 – Miðbær og Vesturbær

Undir borgarhluta 1 telst eftirtalin starfsemi ÍTR:

- ☐ Félagsmiðstöðin Frostaskjól og tengd starfsemi í hverfinu sumar og vetur
- ☐ Vesturbæjarlaug og Sundhöll
- ☐ Þjónusta við KR og Val og húsaleigu- og æfingastyrkir vegna þeirra og fleiri félaga
- ☐ Kostnaður vegna starfsmanns í Vesturbæ

Borgarhluti 2 - Austurbær

Undir borgarhluta 2 telst eftirtalin starfsemi ÍTR:

- ☐ Félagsmiðstöðvarnar Bústaðir, Tónabær og Próttheimar og tengd starfsemi þeirra sumar og vetur undir liðunum Austurbær – sumar- og vetrarstarfsemi
- ☐ Laugardalslaug
- ☐ Þjónusta við Ármann, Fram, Viking, TBR og Þrótt og húsaleigu- og æfingastyrkir vegna þeirra og fleiri félaga
- ☐ Kostnaður vegna þjónustusamninga við Fram og Viking

Borgarhluti 3 - Breiðholt og Árbær

Undir borgarhluta 3 telst eftirtalin starfsemi ÍTR:

- ☐ Miðberg, félagsmiðstöðin Hólmaset og tengd starfsemi í hverfinu sumar og vetur undir liðunum Breiðholt – sumar- og vetrarstarfsemi
- ☐ Félagsmiðstöðin Ársel og tengd starfsemi í hverfinu sumar og vetur
- ☐ Breiðholtslaug, Íþróttahúsið við Austurberg og Íþróttamiðstöðin í Seljahverfi og gervigrasvöllur við Austurberg. Árbæjarlaug og skiðasvæði í Árbæ og Breiðholti
- ☐ Þjónusta við Fylki, ÍR og Leikni og húsaleigu- og æfingastyrkir vegna þeirra og fleiri félaga
- ☐ Kostnaður vegna íþrótt- og tómstundafulltrúa í Breiðholtshverfum
- ☐ Kostnaður vegna þjónustusamnings við Fylki
- ☐ Starfsemi í Grafarholti

Borgarhluti 4 – Grafarvogur og Kjalarnes

Undir borgarhluta 4 telst eftirtalin starfsemi ÍTR:

- ☐ Gufunesbær og tengd starfsemi í hverfinu sumar og vetur
- ☐ Grafarvogslaug, íþróttahús í Grafarvogi, skiðasvæði í Grafarvogi, íþróttamiðstöð á Kjalarnesi, Fólkvangur á Kjalarnesi
- ☐ Þjónusta við Fjölni og húsaleigu- og æfingastyrkir vegna Fjölnis fleiri félaga
- ☐ Tengsl við Miðgarð

Bundnir liðir

Kostnaðarstaðir I9300, I9310 og I9320 eru bundnir liðir í fjárhagsáætlun ÍTR.

Kostnaðarstaður I9320 er brotinn upp og dreift í borgarhlutana í samræmi við samning ÍTR við ÍBR.

Færsla á milli ára

Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að halli / afgangur á óbundnum liðum færist að fullu á milli ára í samræmi við leikreglur þar um.